

# Mánaðaryfirlit

---

Stefnumótunar og greiningar

Október 2021



# Ójafnari launadreifing á Íslandi en á Norðurlöndum

Reglulega heyrst að jöfnuður hér á landi sé of mikill og tekjudreifing sé mjög þétt. Ókostir þess eru gjarnan taldir að ekki sé til staðar hvati til að afla sér menntunar og í kjölfar dragi úr hvötum til framtaks og nýsköpunar. Of mikill jöfnuður geti þannig haft neikvæð áhrif á líf skjör.

Rétt er að ójöfnuður á mælikvarða ráðstöfunartekna er lágur hér í alþjóðlegum samanburði. Mikilvægt er að hafa í huga að atvinnuþátttaka og aldurssamsetning geta haft töluverð áhrif á mældan ójöfnuð þegar skoðaðar eru ráðstöfunartekjur. Hér á landi er atvinnuþátttaka mikil og hlutfall fólks á vinnufærum aldri hærri en í nágrannalöndum okkar.

Í þessu samhengi er nær að líta til

launadreifingar hjá einstaklingum sem eru þátttakendur á vinnumarkaði.

Þar er gagnlegt að skoða hlutfall efstu og neðstu tíundar. Það eru launin þar sem 10% einstaklinga eru með laun fyrir ofan í hlutfalli við launin þar sem 10% tekjulægstu eru undir. Iðulega er miðað við mánaðarlaun fullvinnandi einstaklinga. Í Evrópu er þetta hlutfall á bilinu 2 til 5. Það þýðir að hátekjufólk er með tvöfalt til fimmfalt hærri laun en lágtekjufólk í Evrópu. Á hinum Norðurlöndunum er þessi munur minnstur, þar er umrætt hlutfall á bilinu 2,1-2,7. Ísland er rétt fyrir ofan hin Norðurlöndin, þar sem hlutfallið er 2,8. Það þýðir að á Íslandi er launadreifingin jöfn í



alþjóðlegum samanburði en aðeins ójafnari en á hinum Norðurlöndunum.

Aðrir algengir mælikvarðar eru hlutfall efstu tíundar á mótí miðgildislaunum og hlutfall miðgildis og neðstu tíundar. Á þá tvo mælikvarða raðast Ísland einnig á mjög svipaðan stað, þ.e. rétt fyrir ofan hin Norðurlöndin. Að lokum birtum við einnig hlutfall launafólks með lág laun, hlutfall launafólks með innan við 67% af miðgildislaunum. Á Íslandi er um 11% með lág laun

en á hinum Norðurlöndunum á það við um 4-9%.

Ólíkt því sem oft er haldið fram er launadreifingin hér á landi ekki þjappaðri en í nágrannaríkjum heldur sambærileg við Norðurlöndin. Lönd þar sem kjarasamningar eru sterkir og þekja þeirra mikil búa við þjappaðri launadreifingu en að meðaltali í Evrópu og meiri jöfnuð. Ísland er í þeim hópi.


## Launadreifing í Evrópulöndum, 2018

Mánaðarlaun fullvinnandi einstaklinga

Efsta tíund/neðsta tíund

Efsta tíund/miðgildi

Neðsta tíund/miðgildi




Heimild: Eurostat, útreikningar ASI



# Hlutfall lágtekjufólks, tímakaup innan við 67% af miðgildi, 2018

Mánaðarlaun fullvinnandi einstaklinga



Heimild: Eurostat



# AGS telur ekki endilega tilefni til niðurskurðar


Í nýlegri skýrslu

Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um opinber fjármál eru áskoranir í ríkissfjármálum á komandi árum til umfjöllunar. Sjóðurinn áætlar að opinberar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu (svokallað skuldahlutfall) aukist um 17,8 prósentustig í vestrænum

ríkjum vegna kórónuveirunnar. Skuldir hækkuðu mest í Bandaríkjunum, Spáni, Bretlandi og Kanada. Á Íslandi var hækkingin minni en hjá flestum öðrum löndum. Áætlar sjóðurinn að skuldir ríkissjóðs hækki um 9,7 prósentustig vegna heimsfaraldurs.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur ekki beinar tillögur um hvert umfang opinberra skulda ættu að vera. Lækkun á vöxtum hefur hins vegar leitt til þess að vaxtabyrði hefur staðið í stað sem gerir það að verkum að þjóðir þola hærri skuldir en ella. Í skýrslunni kemur fram að skuldaviðmið hafi þar með lækkað síðustu

## Skuldahlutfall, opinberar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu



● Vestraen hagkerfi ● Evrusvæðið ● Danmörk ● Finnland ● Ísland ● Svíþjóð

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn



ár og að skuldaviðmið sem stuðst var við fyrir heimsfaraldur kunni að vera of takmarkandi.

### Skuldir Íslands undir meðaltali vestrænna ríkja

Að mati

Alþjóðagjaldeyrissjóðsins standa lönd sem hafa lítið svigrúm í ríkisfjármálum frammi fyrir erfiðum ákvörðunum. Það sama á hins ekki við um lönd með nægilegt svigrúm í ríkisfjármálum. Þar er ekki mælt með því að draga


úr stuðningi í ríkisfjármálum og segir sjóðurinn að í löndum þar sem svigrúm sé til staðar í ríkisfjármálum sé það rétt ákvörðun að viðhalda ríkisútgjöldum. Ekki er lagt nákvæmt mat á svigrúm einstakra landa. Áætlanir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gefa hins vegar til kynna að opinberar skuldir á Íslandi muni liggja vel undir meðaltali vestrænna ríkja á komandi árum. Einnig gefur spá sjóðsins til kynna að

afkoma hins opinbera verði umtalsvert betri á Íslandi en í öðrum vestrænum ríkjum 2023-26.

Því mætti líta svo á að ekki sé nauðsynlegt að leggjast í mikinn niðurskurð á komandi árum. Slíkt er hins vegar lagt til í síðustu fjármálaáætlun frá því í mars. Þar er kveðið á um samtals 102 milljarða niðurskurð á næstu þremur árum. Til samanburðar má nefna að opinber útgjöld voru 1.486 milljarðar í fyrra.

## Afkoma hins opinbera, frumjöfnuður

Hlutfall af landsframleiðslu



● Vestræn hagkerfi ● Evrusvæðið ● Danmörk ● Finnland ● Ísland ● Svíþjóð

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn



# Tólf milljónir starfa í grænu orkunni

Störfum á sviði endurnýjanlegrar orku fer fjölgandi og er nú svo komið að þau teljast vera tólf milljónir að tölu um heim allan. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu er nefnist Endurnýjanlegir orkugjafar og störf: Ársskýrsla 2021 sem unnin er í samstarfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og Alþjóðlegra samtaka um endurnýjanlega orku (IRENA).

Í skýrslunni sem birt var 21. október kemur fram að störfum á sviði endurnýjanlegrar orku fjölgaði um 500.000 þúsund árið 2020. Nýting vind- og sólarorku er sú grein innan endurnýjanlega orkugeirans sem flest störf skapar. Vindorkan hefur skapað fjórar milljónir starfa og nýting sólarorku um 1.250.000

Árið 2020 voru 39% starfa á heimsvísu í endurnýjanlegri orku í Kína en næst koma Brasilía, Indland, Bandaríkin og aðildarríki Evrópusambandsins. Störfum á sviði fljótandi lífefnaeldsneytis fækkaði hins vegar sökum þeirrar röskunar á samgöngum sem COVID-veirufaraldurinn olli.

Guy Ryder, framkvæmdastjóri ILO, segir skýrsluna sýna að valið standi ekki á milli sköpunar starfa annars vegar og sjálfbærni í umhverfismálum hins vegar. Þetta tvennt geti farið ágætlega saman.



# 4,5% verðbólga í október – 3% án húsnæðis

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,59% í október og var 511,2 stig. Verðbólga eykst milli mánaða og hækkar úr 4,4% í 4,5%. Verðbólga jókst einnig sé litið framhjá áhrifum húsnæðiskostnaðar og mælist hún 3,0%.

## **Húsnæðiskostnaður heldur áfram að kynda undir verðbólgu.**

Kostnaður vegna búsetu í eigin húsnæði hækkaði um 1,4% (0,23% áhrif á vísitölu) milli mánaða. Verðbólga skýrist að stærstu leyti af auknum húsnæðiskostnaði, en árshækkun húsnæðiskostnaðar mælist 9,6%.

**Bensínverð hækkað um 20% milli ára**  
Verð á olíu hefur stigið verulega síðustu misseri, en að hluta er lækkun eftir heimsfaraldur að ganga til baka. Hækkunin hefur ratað í verð á eldsneyti í smásölu sem

hækkaði um 4,2% milli mánaða (0,13% vísitöluáhrif). Alls hefur eldsneytisverð hækkað um 20,4% milli ára.


## **Hrávara, sveiflukennir liðir og húsnæði vega þungt**

Oft er litið til þess að undanskilja sveiflukennnda liði og þá liði sem peningastefnan hefur litla stjórn yfir til að átta sig á undirliggjandi verðbólguþrýstingi. Til viðbótar við vísitölu neysluverðs birtir Hagstofan einnig svokallaðar kjarnavísitölur. Kjarnavísitala 1 er VNV án áhrifa búvöru, grænmetis og bensínverðs. Verðbólga á þann mælikvarða mælist 4,3%. Kjarnavísitala 2 (K2) undanskilur til viðbótar áhrif opinberrar þjónustu og kjarnavísitala 3 (K3) horfir til viðbótar framhjá áhrifum vaxtabreytinga á húsnæðislið. Að lokum horfir K4 framhjá reiknaðri húsaleigu.





## Undirliggjandi verðbólga



Heimild: Hagstofa Íslands

Kjarnaverðbólga samkvæmt K4 mælist í dag 2,6% eða í kringum markmið Seðlabnakans. Verðbólga skýrist því að mestu í dag af þróun á húsnæðismarkaði, hrávöruverði og breytinga á sveiflukenndum liðum.

### Dregið úr hækkunum á matvöru


Á síðasta ári hækkaði matvöruverð allnokkuð samhliða hækkun á innfluttu verðlagi. Gengi krónunnar hafði þannig ýtt undir hækkun

verðlags. Dregið hefur úr þessum áhrifum og mælist árshækkun dagvöru einungis 1,1% í október. Innfluttar mat- og drykkjarvörur hafa hins vegar lækkað í verði á ársgrundvelli eða um 2,2%.

# Verðbólga í október eftir uppruna

Ársbreyting í október

Mánaðarbreyting í október



Heimild: Hagstofa Íslands




# Verðbólga aukist á vesturlöndum

Undanfarin misseri hefur verðbólga stigið hratt í Bandaríkjunum og Evrópu. Í Bandaríkjunum mælist verðbólga 6,3% á mælikvarða samræmdrar vísitölu neysluverðs og 3,4% á Evrusvæðinu. Verðlag hefur hækkað í flestum ríkjum Evrópu (sjá mynd) og þar af hratt í stórum hagkerfum á borð við Þýskaland og Spán þar sem verðbólgan mælist nú 4% en í byrjun árs var verðbólga 1,6% í Þýskalandi og 0,4% á Spáni.

Verðbólguþrýstinginn má fyrst og fremst rekja til verulegrar hækkunar á orkuverði í Evrópu. Skýringin á hækkan orkuverðs liggur í framboðstregðu á sama tíma og heildareftirspurn hefur aukist hratt og hagkerfi tekið við sér í kjölfar heimsfaraldurs. Evrópskur orkumarkaður er verulega háður gasi til að draga úr sveiflum í raforkuverði en framboð á gasi hefur ekki aukist í takt við aukna eftirspurn og er birgðastaða takmörkuð.


## Verðbólga í Evrópu og Bandaríkjunum



Heimild: Eurostat




# Verðbólga í Evrópu



Sveiflur í raforka verði hafa ratað hratt í verðbólguáætlun á Evrusvæðinu en á ársgrundvelli hefur orkuverðið hækkað um 17,4%. Sé litið framhjá þróun orkuverðs mælist verðbólgan þó stöðug eða í kringum 1,7%. Sveiflur í verði á gasi og olíu hafa önnur áhrif á heimili í Evrópu en á Ísland. Áhrifin koma þannig þyngra fram í hækkuðum húsnæðiskostnaðar, í gegnum dýrari orku til heimilanna, t.d. rafmagn og gas til upphitunar.

## Verðbólga á Evrusvæðinu, framlag til verðbólgu



# Hvaða áhrif mun hrávöruverð hafa?

Til viðbótar við hærra orkuverð er útlit fyrir að hækkun hrávöruverðs muni hafa áhrif á framleiðsluverð og verð á matvöru á næstu misserum.


Ástæðan eru m.a.

flutningstakmarkanir og framboðstregða nú þegar eftirspurn fer hratt vaxandi í kjölfar heimsfaraldurs. Hækkun á hrávöruverði hefur verið veruleg undanfarið en til viðbótar við hærra orkuverð hefur verð á iðnvöru (þ.e. málmar, hrávara, landbúnaðarvara)

hækkað um 23% á ársgrundvelli.

Landbúnaðarvörur (timbur, bómull, ull, gúmmí) hafa hækkað um 12% og matvara um 29%. Til viðbótar hefur verð á áburði stigið hratt síðustu mánuði og verð nær tvöfaldast á síðustu 12 mánuðum þar af þriðjungs hækkun frá því í maí. Merki eru um að hægt hafi á hækkunum hrávöru en þó vænta þess að áhrifin hægi á hjöðnun verðbólgu á næstu misserum, m.a. í gegnum innflutt verðlag og dýrari aðföng.

## Vísitölur hrávöruverðs, vísitala janúar 2020 = 100



Heimild: IMF

